



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/2718*  
*komudagur 14.5.2008*

Seltjarnarnesi, 14. maí 2008  
2008040259/91/HB/jh

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008

Fram kemur að Alþingi álykti að við framkvæmdir í málefnum innflytjenda verði fylgt tiltekinni áætlun sem hefur það að markmiði að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og rækta menningu sína.

Í 11. lið áætlunarinnar kemur fram að innflytjendur eigi að hafa sama aðgang að heilbrigðisþjónustu og aðrir landsmenn. Til þess að þeir geti nýtt sér hana er brýnt að upplýsingar um heilbrigðiskerfið og sjúkratryggingar séu aðgengilegar á helstu tungumálum sem innflytjendur tala. Huga þarf að því að efla menntun, túlka sem sérhæfa sig í túlkun innan heilbrigðiskerfisins og koma upp fagorðabönkum þeim til stuðnings. Þá sé brýnt að tryggja að innflytjendur nýti sér mæðraskoðun og ungbarnavernd og að forvarnastarf nái til þeirra og að brugðist verði hratt og vel við sértækum heilbrigðisvandamálum sem upp kunna að koma.

Landlæknisembættið styður markmið þingsályktunarinnar um að innflytjendur hafi jafnan aðgang að fullnægjandi heilbrigðisþjónustu á við aðra landsmenn í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um sjúkratryggingar og lög um réttindi sjúklinga.

Sömuleiðis að upplýsingum um sjúkratryggingar og skipulag og uppbyggingu heilbrigðisþjónustu verði gerðar aðgengilegar fyrir innflytjendur. Þá er einnig mikilvægt að hugað sé að sértækum heilsufarsvandamálum innflytjenda með það að markmiði að bæta heilsufar þeirra. Benda má á að nýlega hafa verið gefnar út verklagsreglur um læknisskoðanir á innflytjendum með stoð í reglugerð um sóttvarnaráðstafanir nr. 414/2007.

Virðingarfyllst,

Haraldur Briem  
sóttvarnalæknir